



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2024

INRÉ2HH08

Kennari	Gunnar Valdimarsson, gunnarvald@fss.is Þórhildur Loftsdóttir, thorhildur.loftsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Gunnar Valdimarsson, fimmtudaga 10:20-11:00 Þórhildur Loftsdóttir, miðvikudaga 14:00-14:40	
Námsefni	Innréttingar eftir Stefán Rafnar Jóhannsson, IÐNÚ	
Áfangalýsing	<p>Í áfanganum læra nemendur um smíði innréttinga og innihurða með áherslu á spónlagningu, yfirborðsmeðferð og vélavinnslu plötuefnis. Lögð er áhersla á grunnatriði spónlagningar eins og plötu- og spónlagningarrefni, áhöld, tæki, spónskurð, mynstrun og spónlímingu. Teknar eru fyrir samsetningar á plötuefni, smíðisfestingar, smíðistengi og uppsetning á innréttingum. Gerð er grein fyrir iðnaðarframleiðslu á innréttingum og innihurðum og mikilvægi þess að staðla vinnuferli og gerð, stærð og lögun framleiðsluvöru. Kennslan er aðallega verkleg og byggist á spónlagningu og plötusmíði þar sem nemendur fá þjálfun í að smíða skápa og innihurðir. Áfanginn er sameiginlegur með húsasmiðum og húsgagnasmiðum.</p> <p>Efnisatriði/kjarnahugtök: Naglfastar innréttingar, eldhúsinnréttingar, fataskápar, viðarspónn, spónlagning, spónskurður, spónlíming, spónaplötur, krossviður, trétrefja eða MDF-plötur, harðplast, gler, skrufur, hefti, smíðistengi, lamir, dílun, límfelling, fals og nót, skúffa, ganglisti, hillur, borðplata, ljósakappi, fráganglisti, nót og fjöður, töppun, flögusamsetning, hornasamsetning, geirpungssamsetning, rammamsetning, yfirfelldar lamir, innfelldar lamir, utanálíggjandi lamir, plötusög, kantlímingarvél, spónsax, spónlímingarvél, spónlagningarpressa, slípivélar, lökkunarbúnaður, málningarbúnaður, lakk, málning, skapalón, vinnsluhraði, sökkull, skápabrautir, ÍST 22:1971 Eldhúsinnréttingar.</p>	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Virgni í náminu gildir 15% Verkefni áfangans dæmd til einkunnar 85% Sjá verkefni nánar í áætlaðri yfirferð námsefnis	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>

<p>Reglur áfanga</p>	<p>Nota má farsímum í kennslustund við verkefnavinnu með samþykki kennara</p> <p>Mætingaskilda er í alla tíma. Um fjarvistir og veikindi er farið eftir reglum skólans um mætingar. Verði brot á þeim reglum verður málum nemanda vísað til viðeigandi meðferðar skólayfirvalda.</p>
-----------------------------	---

<p>Annað sem kennari vill láta koma fram</p>	<p>Kennari áskilur sér rétt til að breyta þessari kennsluáætlun ef þörf er á og kynna það þá fyrir nemendum eins fljótt og auðið er</p>
---	---

<p>Þekking</p>	<p>Leikni</p>
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • smíði innréttinga • framleiðsluferli innréttinga • notkun efna til framleiðslu innréttinga • öryggisreglum og öryggisbúnaði við framleiðslu innréttinga • efnum sem notuð eru til smíði innréttinga og innihurða • viðarspæni og plastefnum sem notuð eru til spónlagningar • plötufni og límtré sem notað er í innréttingar og innihurðir • framleiðslu málaðra innréttinga úr MDF-plötum • notkun glers, málma og dúka í smíði innréttinga og innihurða • verkfærum og tækjum sem notuð eru í innréttinga- og innihurðasmíði • öryggisreglum og öryggisbúnaði viðkomandi áhalda og véla • helstu samsetningaraðferðum á innréttingum og innihurðum • mismunandi lími og límhörðunarkerfum fyrir spónlagningu • öryggisreglum og öryggisbúnaði sem snertir lím og meðferð þess • mismunandi yfirborðsmeðferð á innréttingum og innihurðum • helstu aðferðum til að yfirborðsmeðhöndla spónlagt plötufni • helstu aðferðum til að þurrka lakk og málningu á verkstæðum • helstu gerðum skáphurða • mismunandi gerðum innihurða 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • smíða, setja upp og meðhöndla innréttingar • slípa og yfirborðsmeðhöndla spónlagða hluti í höndum og vélum • staðsetja og taka úr fyrir lömum og skráum með tækjum og vélum • nota vélar og verkfæri til innréttingasmíða • smíða innréttingar og innihurðir og setja upp • smíða innréttingar og skápa ásamt sökklum úr plötufni og límtré • smíða skáphurðir úr mismunandi efnum • smíða og setja upp skúffur og aðra fylgihluti í innréttingar og skápa • smíða spjaldahurðir

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja framleiðsluferli
- velja viðeigandi smíðisfestingar og fylgihluti
- velja sérhæfðar trésmíðavélar til plötuvinnslu og spónlagningar
- reikna vinnsluhraða m.m. á grundvelli upplýsinga um einstakar vélar
- velja áhöld og rafmagnshandverkfæri til samsetninga og spónskurðar
- velja skurðarverkfæri og skurðarhorn með hliðsjón af efni og verkefni
- öðlast innsýn í uppbyggingu, notkun og fyrirbyggjandi viðhald vökva-, loft- og tölvustýrðra trésmíðavéla
- velja viðeigandi efnissamsetningar og smíðisfestingar
- velja límáburðartæki, þvingur og pressur fyrir kant- og spónlímingu
- velja slípi- og lökkunarkerfi fyrir spónlagt plötuefni
- velja slípi- og málningarkerfi fyrir innréttingar úr MDF-plötum
- fara eftir öryggisreglum og nota öryggisbúnað við yfirborðsmeðferð
- vinna í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað

Vinnuáætlun

Tímasókn	17 vikur x 4 klst.	68 klst.
Undirbúningur f. tíma	17 vikur x 3 tímar x 20 mín	17 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 4 klst.	12 klst.
Ritgerð / Skýrsla	15 klst.	15 klst.
Alls		112 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 4. - 14. janúar	Farið yfir efni áfangans og fengnar hugmyndir að verkefnum nemenda Taflborð, spónskurður og samsetning	
2. vika 15. - 21. janúar	Taflborð spónlagt og lakkað	Fyrsta hugmynd að verkefni nemenda rædd
3. vika 22. - 28. janúar	Smíði á taflborði lokið Yfirborðsefni í og á innréttingu og hurðum	
4. vika 29. janúar - 4. febrúar	Hugmyndavinnu lokið og farið yfir efnisval nemenda vega eigin verkefnis	Skil á hugmynd að verkefni í áfanganum
5. vika 5. - 11. febrúar	Smíði verkefna hefst	
6. vika 12. - 18. febrúar	Unnið að smíði verkefna	
7. vika 19. - 25. Febrúar <i>Þemadagur</i>	Unnið að smíði verkefna	
8. vika 26. febrúar - 3. Mars <i>Námsmatsdagur</i>	Unnið að smíði verkefna	
9. vika 4. - 10. mars <i>Miðannarmat</i>	Unnið að smíði verkefna	

Virðing, samvinna og árangur

10. vika 11. - 17. mars	Unnið að smíði verkefna	
11. vika 18. - 24. mars <i>Starfshlaup – Páskafri hefst</i>	Unnið að smíði verkefna	
12. vika 2. - 7. apríl	Unnið að smíði verkefna	
13. vika 8. - 14. apríl	Unnið að smíði verkefna	
14. vika 15. - 21. apríl	Unnið að smíði verkefna	
15. vika 22. - 28. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Lokafrágangur á smíðaverkefnum nemenda	Skil á lokaverkefni
16. vika 29. apríl - 5. maí	Lokafrágangur á smíðaverkefnum nemenda	
17. vika 6. – 10. maí	Lokafrágangur á smíðaverkefnum nemenda og frágangur í stofu	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Gunnar Valdimarsson

Þórhildur Loftsdóttir